



Hagstofa Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 130/2615
komudagur 12.7.2004
12. júlí 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Allsherjarnefnd, frv. til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, 1012. mál, bréf nefndarinnar 8. júlí 2004

Í bréfi allsherjarnefndar er óskað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum.

Frumvarp þetta snertir verksvið Hagstofunnar að því marki sem varðar aðkomu hennar að kosningum, þ.e. um gerð kjörskrárstofna og kosningaskýrslna. Um þessi efni er ekki að finna bein fyrirmæli í frumvarpinu og er lagt til að um slík atriði gildi ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

Á þessari tillögu er sá hængur að í 23. gr. laga um kosningar til Alþingis er kveðið á um að á kjörskrá skuli taka þá sem skráðir voru með lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag. Miðað við tillögur frumvarpsins um að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli fara fram 14. ágúst, er viðmiðunardagur kjörskrár þegar liðinn og hefði átt að vera 10. júlí. Í frumvarpinu verður því annað hvort að gera ráð fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram síðar en nú er lagt til í 1. gr. þess eða breyta viðmiðunardegi kjörskrár. Hér mætti e.t.v. miða við hliðstætt ákvæði og gert var í nýlegri breytingu á lögum um kjör forseta Íslands en þar var viðmiðunardagur kjörskrár færður úr fimm vikum í þrjár. Þetta var gerlegt vegna þess að ákveðið var að skipta Reykjavíkurlkjördæmum ekki upp á ný. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að skipting Reykjavíkurlkjördæma verði óbreytt frá forsetakosningum og með þriggja vikna fresti frá viðmiðunardegi kjörskrár til kosninga ætti regluverk kosningalaga að ganga upp að þessu leyti. Þessir þættir kosningalaga eru vel kunnir og af þeim talsverð reynsla á Hagstofunni, meðal sveitarstjórna og annarra sem hafa hlutverki að gegna við kosningar þannig að framkvæmd þeirra ætti að vera örugg og í föstum skorðum.

Hagstofan álitur að tillögur frumvarpsins tengist að öðru leyti ekki verksviði hennar.

F. h. r.